

# Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 8. DESEMBER 2015

• Stofnað 1913 • 288. tölublað • 103. árgangur •



JÓLASÍLDIN ÚR  
SÍÐASTA FARM-  
INUM Á ÞÓRSHÖFN

TÁRAFLÓÐ 11

ANDRI OG  
JANET Í  
HÖRPU

KÚNSTPÁSA 38



REYNSLU-  
AKSTUR OG  
RAFBÍLAR

BÍLAR



Morgunblaðið/Jónas Erlendsson  
Lokað Við Reynisfjall í Vik í Mýrdal í gær.

## Snjóflóðahætta en lægðin fjarar út

■ Ofsaveður var enn um allt land á miðnætti í nótt og lægðin sem gengur yfir landið var þá enn í fullum styrk. Víða var hvasst og mælir á Hallormsstaðahálsi eystra sýndi 51 m/s vindhraða í snarpri hviðu. Á Stórhöfða í Vestmannaeyjum mældist mesti vindhraði 47 m/s og fór í 52 m/s í hviðum.

Veðrið fer að ganga niður þegar líður á daginn í dag. Hin djúpa lægð verður þá gengin yfir landið til vesturs út af Breiðafirði og fjarar þar út. Í kvöld verður víðast komið skaplegt veður, en mikil snjóflóðahætta er nyrst á Vestfjörðum, Tröllaskaga og Austfjörðum.

Björgunarsveitir sinntu fjölda útkalla í óveðrinu í gær og mikill viðbúnaður var um allt land. Þjóðvegir landsins voru að stórum hluta lokaðir í varúðarskyni. Lögregla og Vegagerðin hafa ekki áður gripið til jafnvíðtækra ráðstafana af þeim toga og nú. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)



Reykjavík Mikið gekk á í gömlu höfninni í gærkvöldi. Flotbryggja og bátar ólmduðust í öldurótinu og bátur slitnaði frá og rak upp að grjótgarði.

Morgunblaðið/Eggert

# Ofsaveður gerði usla

- Mikið tjón varð í Vestmannaeyjum, undir Eyjafjöllum, á Hvolsvelli og víðar
- Miklar truflanir urðu á dreifingu rafmagns og símasambandi víða um land

Mikið tjón varð í Vestmannaeyjum vegna óveðursins í gær. Einnig varð tjón undir Eyjafjöllum, á Hvolsvelli, á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Veðrið skall á í Vestmannaeyjum með miklum látum um kl. 18.30. Fjöldi tilkynninga um foktjón barst lögreglu og Björgunarfélagi Vestmannaeyja. Þak fauk af íbúðarhúsi við Smáragötu. Liðsmenn í Björgunarfélagi Vestmannaeyja reyndu að forða frá frekara tjóni með því að fergja niður það sem þeir gátu. Adolf Þórsson, formaður Björgunarfélags Vestmannaeyja, sagði að ekki hefði verið stætt þar sem húsið stendur efst í bænum, vegna veðurofsans. Kona sem var í húsinu slapp ómeidd.

Í gærkvöldi voru þakplötur að losna af fiskimjölsverksmiðju við höfnina. Klæðning sem lá í búntum inni á Eiði og var búin að fergja fór af stað og fauk.

„Það hefur þónokkuð af rúðum brotnað og þakköntum losnað víða um bæinn,“ sagði Adolf. Hann vissi ekki til þess að slys hefðu orðið á fólki fyrir utan það að björgunarsveitarmaður meiddist á fingri.

Um 28-30 félagar í Björgunarfélagi Vestmannaeyja sinntu óveðursútköllum í gærkvöldi. Þeir voru enn að störfum um miðnættið.

Miklar truflanir urðu á dreifingu rafmagns víða um land. Þegar blaðið var að fara í prentun var t.d. rafmagnslaust á Akureyri og víðar á Eyjafjarðarsvæðinu, á norðanverðum Vestfjörðum, á Austfjörðum og Austurlandi, á Suðausturlandi að Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Farsímasendar dattu víða út vegna rafmagnsleysis eða keyrðu á varaafli.

Óveðursfréttir » 2, 4 og 6



Morgunblaðið/Eggert

Rok Þakklæðning fauk af húsi efst í Grafarholti um miðnættið.

16

GLUGGAR TIL JÓLA

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Verður 30 milljóna króna íbúð í jólapakkanum?

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is) eða í síma 561 7757.

DREGIÐ Í HVERRI VIKU!